

Siglingaráð

44. fundur

Dags.: 7. desember 2023, kl. 11:00 til 13:00 í Samgöngustofu.

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Auðunn Kristinsson (LHG), Þórdís Sif Sigurðardóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Örn Pálsson (Landssamband smábátæigenda), Rannveig Grétarsdóttir (SAF), Stefán Guðmundsson (SAF), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Páll Ægir Pétursson (Félag skipstjórnarmanna), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmæknimanna), Guðmundur Herbert Bjarnason (SFS), Bogi Þorsteinsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Kristín Helga Markúsdóttir (Samgöngustofa), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild), Arthur Bogason (Landssamband smábátæigenda), Birna Ragnarsdóttir (Samtök verslunar og þjónustu), Kristín Magnúsdóttir (Hafnasamband Íslands),

Gestir: Helgi Jóhannesson (SGS), Bjarki Sigþórsson (SGS), Gyða Mjöll Ingólfssdóttir (irn), Rúnar Guðjónsson (irn), Marta M. Kristinsdóttir (irn), Sigrún H. Kristjánsdóttir (SGS), Þorsteinn Þorkelsson (SGS), Greipur G. Sigurðsson (Vegagerðin, Hafnadeild).

Lagt var fram:

- Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
- Ályktun Félags skipstjórnarmanna.
- Samantekt Hilmar Snorrasonar um mikilvæg mál sem þarf að afgreiða (send í tölvupósti).

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega nýja ráðsmenn.

1) **Fundargerð 43.** fundar samþykkt m.t.t. athugasemdar BA um a) lið í Önnur mál. En 50 þús.kr. gjaldið leggst eingöngu á strandveiðibáta og er tekjum vegna þess skipt á milli hafna landsins í hlutfalli við landaðan strandveiði afla.

2) Lögskráningar áhafna.

a) HJ og BS kynntu Skútuna, nýtt lögskráningarkerfi sjómanna (sjá einnig gögn nr. 3). Skútan var tekin í notkun í maí s.l. Með kerfinu er haldið utan um skipaskrána og lögskráningu sjómanna. Farið var yfir eiginleika kerfisins og uppbygging þess útskýrð. Kerfið er mun þróaðra en þau gömlu sem það leysir af hólmi og auðveldara að aðlaga að þörfum notenda svo sem að bæta við upplýsingum. Gögn síðustu 20-25 ára hafa verið færð í Skútuna. Nokkuð er þó af gögnum sem þarf að skrá handvirk t.a.m. upplýsingar um skírteini leiðsögumanna, hafnsögumanna og atvinnukafara. Nú er hægt að skrá, auk áhafnar, farþega/þjónustuaðila í fiskiskipum og skrá sama mann í tvær stöður þar sem það er heimilt. Það á þó ekki við um STCW skip). Í kerfinu er möguleiki á að fá tölfraðilegar upplýsingar sem er nýjung. Upplýst var að næsta viðbót „Mínar síður“ komist í gagnið næsta vor en þar geta sjómenn séð stöðu lögskráninga sinna og skírteina. Einnig verður hægt að senda áminningar þegar endurnýjun skírteina nálgast. Þá er möguleiki á að gefa út rafræn skírteini. Áform eru um að bæta við fyrirspurnarkerfi fyrir erlend skip. Fram kom að um 6-700 íslenskir sjómenn starfi á erlendum skipum.

Í umræðum kom fram að skoða megi hvort skipverji geti staðfest sjálfur lögskráningu sína. Mismunandi er hvort brunnbátar séu skráðir hér eða erlendis en fram kom að skv. áhafnarlögum skulu þeir fara eftir íslenskum lögum. 14 tíma reglan um útiveru gildir ekki fyrir einyrkja sem er 100% eigandi að bátum. Fram kom ábending um að eftirliti með öryggi erlendra skemmtibáta hér við land væri ábótavant. Bent var að skilgreina þurfi hversu margir verði að vera í áhöfn skips til að sinna öllum störfunum um borð en ekki bara gera kröfu um þann fjölda sem þarf til að sigla skipinu.

b) MMK upplýsti um stöðu reglugerða skv. 8. og 9. tölul. 1. mgr. 37. gr. laga umum áhafnir skipa nr. 82/2022, og tók fram að eldri reglugerðir gildi áfram svo fremi sem þær fari ekki í bága við ný lög. Fram kom í umræðu að setja þurfi í reglugerðina ákvæði um lögskráningu sjómanna sem færast milli skipa á sama degi t.a.m. á dráttarbátum, hafnsögubátum og farþegaskipum í skoðunarferðum. Þá

vantar ákvæði þar sem tekið er á vandamálum við lögskráningu utan opnunartíma SGS. SHK upplýsti að unnið sé að málinu hjá SGS. MMK sagði að gott væri að fá sendar tillögur/ábendingar um vankanta.

3) **Upplýsingar frá ráðuneyti og Samgöngustofu.**

a) **Upplýsingar frá ráðuneyti.**

i) MMK sagði að breyting á reglugerð vegna ákvæða um sleppibúnað í skipum væri í vinnslu. GHB upplýsti að brýnt væri að klára málið þannig að hægt sé að setja upp nýja útfærslu af búnaðinum í skipin. Þegar væri verið að setja upp nýjan búnað í skip þó reglur næðu ekki yfir hann. Nauðsynlegt væri að reglurnar fylgdu eftir nýjustu þróun í þessum efnum.

ii) Umræða var um reglugerð nr. 1300/2022 sem er í endurskoðun vegna athugasemda sem hafa komið fram. Stórauðinn kostnaður vegna breytinganna var gagnrýndur þar sem upplýst hafði verið áður en reglugerð nr. 1300/2022 var sett að kostnaður myndi lítið breytast. MMK sagði að endurskoðunin miðaði við að tryggja fullnægjandi öryggi með sem hagkvæmustum hætti en um leið uppfylla Evrópureglurnar. Þá var rætt um vandamál sem hafa komið upp varðandi lyf sem fylgja björgunarbátum við innflutning og hafa verið gerð upptæk. MMK benti á að breyting á þessu krefðist breytinga á lyfjalögum og væri þ.a.l. á forræði heilbrigðisráðuneytisins.

b) **Upplýsingar frá Samgöngustofu.**

i) ÞP upplýsti að í framhaldi af ráðstefnunni um rafmagnselda sem haldin var s. l. vor stefnt að nýrri ráðstefnu vorið 2024. Á henni verði fjallað um ógnir af öllum nýjum orkugjöfum sem notaðir eru á skipum. Þar verður fjallað víðtækar um málin og komið inn á þær áskoranir sem aðilar t.a.m. útgerðir og flokkunarfélög standa núna frammi fyrir. Ráðstefnan er fjármögnuð með styrkjum.

ii) Stefnt er að gerð auglýsingar til að hvetja til notkunar uppblásanlegra björgunarvesta með neyðarsendum.

iii) ÞP óskaði eftir tillögum frá ráðsmönnum um áherslur og verkefni næstu missera.

iv) Ársuppgjör öryggisáætlunarinnar fyrir 2022 verður sent á ráðsmenn en uppgjör fyrri 2023 verður tekið fyrir á næsta fundi.

4) **Samráð um uppfærslu aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum m.t.t. siglinga.** GMI var með kynninguna „Uppfærsla á aðgerðaráætlun í loftslagsmálum“. Tekið var fram að áætlunin væri enn í vinnslu og því ekki opinber. Fundarmönnum verður send kynningin til eigin nota.

5) **Önnur mál.**

ÞÆP óskaði fyrir hönd Félags skipstjórnarmanna eftir því að eftirfarandi yrði bókað:

1 Úrskurðarnefnd ferðapjónustunnar

Að gefnu tilefni, vill Félag skipstjórnarmanna koma því á framfæri í Siglingaráði að útgerðir útsýnisbáta og skipstjórar þeirra sjái til þess að aldrei séu fleiri farþegar um borð í útsýnisbátum en leyfilegt er miðað við það farsvið sem bátarnir sigla í hvert sinn. Samgöngustofa ákveður fjölda í áhöfn, leyfilegan farþegafjölda og farsvið farþegaskipa. Eins og dæmin sanna getur komið upp ágreiningur um þessi atriði. t.d. ef útgerð og/eða áhöfn finnst fjöldi í áhöfn, fjöldi réttindamanna, fjöldi farþega og farsvið ekki rétt með tilliti til öryggis farþega, áhafnar og skips. Félagið óskar eftir því að Siglingaráð samþykki áskorun á ráðherra um að komið verði á úrskurðarnefnd sem úrskurði í álitamálum um farsvið, mönnun- og áhafnamál. Í úrskurðarnefnd yrðu fimm fulltrúar, tveir fulltrúar SAF, tveir frá stéttarfélagunum, FS og VM og oddamaður frá Samgöngustofu. Það er að okkar áliti mikilvægt að ferðapjónustan hafi vettvang til að koma sínum tillögum og umkvörtunum á framfæri í nefnd sem þeir eiga aðild að.

Áhafnir útsýnisbáta eru, að sögn reyndra skipstjórnarmanna og félagsmanna FS, stundum of fámennar miðað við farþegafjölda ef í harðbakkann slær og neyðartilvik s.s. eldsvoði verður um borð eða farþegar falla fyrir borð sem kalla á skjót og fumlaus viðbrögð.

Nauðsynlegt er að farþegar geti treyst því að öllum öryggiskröfum, mönnunar- og tryggingarmálum sé fullnægt þegar þeir koma um borð og að útsýnisbátar sigli ætíð á öruggu og viðurkenndu hafsvæði.

Félag skipstjórnarmanna hvetur viðeigandi yfirvöld til að beita í ríkari mæli viðurlögum ef ekki er farið eftir þeim reglum sem settar hafa verið um útsýnisbáta og farsvið þeirra. Það ætti að koma í veg fyrir ítrekuð brot. Ef ekki, þyrfti að herða viðurlögin til muna.

Mikilvægt er að halda því góða orðspori sem fer af ferðaþjónustunni á Íslandi bæði innanlands og erlendis enda er hún ein af undirstöðu atvinnugreinum Íslands um þessar mundir.

2 Málaskrá Siglingaráðs.

Mikilvægt er að á vegum Siglingaráðs sé haldin málaskrá þar sem öll mál og skjöl þeim tengd, sem tekin eru fyrir í Siglingaráði, fái málsnúmer til að auðkenna þau. Fulltrúar í Siglingaráði þurfa að geta séð stöðu hvers máls á hverjum tíma og hvernig þeim er fylgt eftir þar til þau hljóta endanlega afgreiðslu frá ráðinu. Sömuleiðis hvað verður um mál, hvaða afgreiðslu þau fá innan stjórnkerfis eða hvort þeim hefur verið vísað frá af ráðherra eða embættismönnum og þá með hvaða rökum. Fjöldi mála sem Siglingaráð hefur tekið fyrir á fundum hafa ekki fengið brautargengi og erfitt hefur verið að fylgjast með þeim, þau hafa hreinlega dagað uppi. Þessu þarf að breyta til að auka skilvirkni og áhrif Siglingaráðs í stjórnsýslunni ekki síst vegna öryggissjónarmiða.

Fundarmenn voru almennt sammála bókunum Félags skipstjórnarmanna.

Næsti fundur verður boðaður í tölvupósti

IV og RG rituðu fundargerð.